

# Nýjungar í Sögu

## ADT (gaADT)

### ADT - Sameining á lotum

SAG-6098

Nú eru kóðuð atriði í rétttri röð og engar tvítekningar þegar legur eru sameinaðar.

### ADT - Sameina lotur

SAG-6498

Löguð var villa sem kom upp þegar reynt var að sameina lotur sjúklings sem höfðu ranglega verið færðir á milli þjónustuflokka

## ADT Innritun/Útskrift

### Útskriftaráætlun

SAG-5890

Áætluð dagsetning útskriftar í útskriftaráætlun uppfærast nú þegar sjúklingur er innritaður eða ef innritun er leiðrétt hvort sem að ný dagsetning er slegin inn eða svæðið skilið eftir autt.

### Afgreiðsla - Tímabókun fyrir lotutengt form

SAG-5368

Þegar sjúklingur er innritaður í lotu í gegnum tímabókunarglugga þá er áætluð útskrift sett sem komudagur tímabókunarinnar.

## Afgreiðsla (gaSab)

### Afgreiðsla - F8

SAG-5849

Villa löguð sem lýsti sér þannig að ekki var hægt að nota F8 í afgreiðslu til að opna eyðublaðaeininguna og byrja að fylla út eyðublöð ef form tímabókunar var í flokknum mæðravernd

## Aukagluggi Sögu

### Aukagluggi - Textasýn

SAG-6364

Nýtt stilligildi 175, ef það er virkt uppfærir textasýn í aukaglugga sig ekki sjálfkrafa þegar skipt er um kerfissjúkling heldur þarf notandi að smella á 'sækja gögn' hnapp.

## Aðgangsstýringar

### Aðgangsstýringar

SAG-5420

Búið er að loka algjörlega fyrir aðgang notanda sem ekki er í sjúkraskrárhópi í eftirfarandi einingum:

- Forsíða sjúklings
- Mæðraskrá
- Klínísk skráning
- Síma vakt - Aðstoð
- Gagnasýn læknis
- Nýja Textasýn
- Meðferð
- Mælingar
- Íhlutir (gaPatientItems)

## Aðvaranir sjúklings (skráning)

## Aðvaranir - Smitgát

SAG-6124

Textanum „Hefur einstaklingur legið á sjúkrahúsi erlendis síðastliðna 6 mánuði?“ hefur verið breytt í „Þarf sjúklingur sýnatöku og/eða einangrun vegna ónæmra baktería skv. verklagsreglu viðkomandi stofnunar?“

## Aðvaranir sjúklings

SAG-5924

Ekki er lengur hægt að virkja gamlar ofnæmisskráningar ef tegund ofnæmis er óskilgreind.

## Eyðublöð (gaSheetModule)

## Eyðublöð - Stöðuborði fyrir rafræn skjöl

SAG-6363

Löguð var villa sem olli því að stöðuborði fyrir rafrænt blað hvarf ef farið var af rafrænu blaði yfir á venjulegt blað og svo aftur til baka á rafræna blaðið

## Eyðublöð - Umsögn um rannsókn #411- Dagsetning beiðni í útprentun

SAG-5721

Nú prentast dagsetning beiðni í kaflanum Svar undir kaflanum Rannsóknir á útprentuninni.

## Eyðublöð, (or) Læknabréf (EB12) - Afritun frá "Umsögn um rannsókn" (EB411).

SAG-5850

Nú afritast inn á (or) Læknabréf af öllum "Umsögn um rannsókn" blöðum sem tilheyra sjúklingnum og eru með undirskriftardag sem fellur innan upphafs- og lokadags lotunnar sem læknabréfið tilheyrir.

Þessar upplýsingar afritast sjálfkrafa þegar blaðið er stofnað og einnig er hægt að ýta á A takkann í kaflanum Innihald.

## Fjölskyldutrú og tengslakort

## Fjölskyldutrú og tengslakort

SAG-5790

Nú á ekki lengur að skrá aldur einstaklinga í fjölskyldutrú heldur fæðingarár þeirra. Því hefur svæðinu "Aldur" verið breytt í "Fæðingarár". Af þessum ástæðum hafa gildin sem áður voru skráður í "Aldur" verið færð í svæðið "Athugasemdir". Svæðið "Fæðingarár" er tomt hjá öllum einstaklingum og þurfa notendur að fylla það út sjálfir.

## Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

## Blóðsykursmælingar í Forsíðu sjúklings

SAG-6097

Nú sést blóðsykursgildið í Forsíðu sjúklings, bæði í dálkinum "Niðurstaða" og þegar farið er með músina yfir niðurstöðugildið. Áður sást einungis 0 en ekki sjálft blóðsykursgildið í dálkinum "Niðurstaða".

## Forsíða sjúklings, lyfjakort - Vera spjallborð - Lyfjaendurnýjun og athugasemd til apóteks.

SAG-5652

Nú er hægt að senda athugasemd með rafrænum lyfseðlum í apótek. Til að athugasemd sendist með er hakað í reitinn sem er neðan við athugasemdareitinn í Breyta glugganum sem er hægt að opna frá lyfjaendurnýjunarglugganum.

## Forsíða starfsmanns

## Forsíða starfsmanns - Beiðnir um Lyfjaendurnýjun

SAG-5878

Búið er að búa til yfirlit fyrir ritara sem útbúa lyfjaendurnýjunarbeiðnir undir Forsíðu starfsmanns.

Hér er hægt að fylgjast með öllum þeim lyfjaendurnýjunarbeiðnum sem læknaritari hefur gert og fylgst með hvaða lyfjaendurnýjunarbeiðnir eru ókláraðar og getur ritari eytt beiðni hér í þessum lista ef röng skráning hefur átt sér stað.

Í þessu yfirliti er líka birtur listi yfir þær lyfjaendurnýjunarbeiðnir sem ritari hefur gert og læknir hafnað. Í þessum lista sér ritari skilaboð frá lækni varðandi höfnun á beiðni og getur síðan valið að merkja beiðni lesna, þá hverfur beiðnin og þar með er ferlinu um lyfjaendurnýjunarbeiðni lokið.

### Forsíða starfsmanns - textasýn

SAG-5398

Nú birtist textasýn í vinnulista fyrir neðan listann. Þetta á við alla flipana í vinnulistanum nema „Beiðnir“. Það gerir notanda kleift að flakka á milli atriða í listanum og sjá textasýn jafnóðum.

## Gagnagrunnur

### Ný hjúkrunarferli

SAG-5731

Ný hjúkrunarferli hafa verið útbúin fyrir LSH:

- DAGÖ - Meðferðarferli
- LAUGARÁS - Meðferð

Viðskiptavinum sem hafa áhuga á að setja inn þessi nýju hjúkrunarferli er bent á að hafa samband við þjónustudeild TM Software.

## Heilsugæslusaga SÍ

### Miðlæg skráning heilsugæslu lækna

SAG-5837

Heimilislæknir er aðeins fjarlægður ef stilligildi 1191 er virkt og einstaklingur er færður á stöð sem tilheyrir ekki sömu stofnun og núverandi stofnun eða einstaklingur er afskráður hjá SÍ.

## Forsíða Starfsmanns (Lyfjaendurnýjun)

### Lyfjakort - nýjasta ávísun

SAG-6268

Eftir að gagnagrunnar Sögu voru sameinaðir hjá ákveðnum stofnunum kom í ljós að ekki var tryggt að nýjasta lyfjaávísun birtist undir Lyfjakorti. Þetta hefur verið lagað.

## Meðferðarskráning (gaTreatment)

### Meðferðaskráning

SAG-6321

Nú á að vera hraðvirkara að sækja gögn fyrir framvindunótur í Meðferðarskráningu.

### Meðferð - Fjöldi daga aftur í tímann sem framvindunótur og framkvæmd verkþátta er sótt.

SAG-6412

Nú stýrir stilligildi 177 því hversu marga daga aftur í tímann framvindunótur og framkvæmd verkþátta er sótt þegar hjúkrunarferli einstaklings er opnað í Meðferð einingunni.

## Mælingar (gaMeasurements)

### Mælingar - Nýr einstaklingur úr þjóðskrá

SAG-6479

Ekki kemur lengur 'Access violation' í mælingum eftir að búin hafi verið til nýr sjúklingur úr þjóðskrá.

### Mælingar - Mælingartegund í línuriti

SAG-5792

Nú er hægt að sjá af hvaða mælingartegund hver lína í línuritum eru. Þetta á við um línurit með fleiri en einni línu. Ef músin er sett yfir línu þá birtist tegund mælingarinnar efst í línuritinu.

Einnig hefur lýsingin á hverri mælingartegund verið gerð augljósari.

**Mælingar - Mat á óráði (DOS)**

SAG-6427

Nú er hægt að skrá nýja mælingartegund í mælingareiningunni, Mat á óráði (DOS).

**Mælingar, verkir - Tvö ný mæligildi**

SAG-6030

Nú er hægt að skrá tvö ný mæligildi fyrir verki, "Fjöldi gefinna stakra skammta sl. sólarhring" og "Tilraunir til gjafa stakra skammta sl. sólarhring". Bæði gildin geta verið frá 0 til 100.

Til að geta skráð þessi gildi þarf fyrst að velja "Sjúklingastýrð meðferð (PCA) í æð" eða "Utanbasts með sjúklingastýringu (PCEA)" í Verkjadreypi fellilistanum.

**Persónuupplýsingar****Persónuupplýsingar - heilsugæslustöð**

SAG-5869

Búið var til nýtt stilligildi, 172, sem stjórnar því hvort skylda sé að skrá heilsugæslustöð í persónuupplýsingum.

**Rafræn eyðublöð (.NET virkni)****Rafræn eyðublöð - fæðingartilkygningar**

SAG-6069

Villa sem olli því að viðhengi skiluðu sér ekki með afritum af fæðingartilkygningum sem send eru LSH var löguð

**Almennt í Sögu**

Löguð var Access Violation villa sem kom upp hjá sumum notendum í Eyðublaðaeiningunni

SAG-6254

**Stillingar (gaConfigurator)****Stillingar - Yfirlagsdaliðir (tenging við bókhaldskerfi)**

SAG-5926

Nú geta notendur slegið inn frjálsan texta fyrir bókhaldslykil. Einnig er kominn nýr textareitur fyrir vídd.

**Textasýn (gaTextViewRTF)****Textasýn - Eyðublað #411 Umsögn um rannsókn**

SAG-6521

Framsetning á innihaldi eyðublaðs #411 í textasýn var löguð.

**Textasýn (WPF)****Ný textasýn**

SAG-5963

Búið er að bæta við nýju textasýnina möguleikanum á að sía færslur eftir dagsetningum. Þess háttar síun eftir tímabilum er virkjuð með möguleikanum "Velja tímabil" sem er efst í síuglugga textasýnarinnar.

**Ný textasýn**

SAG-5978

Nú er hægt að sía niðurstöður leitar eftir kóðuðum atriðum, s.s. greiningum, rannsóknum, lyfjum o.fl.

## Vefþjónustur (external)

## Vefþjónustur

SAG-6445

Fallið PrescribeDrug í MedicalDataService vefþjónustunni tekur nú við færíbreytunni(parameter) Frequency sem fleytitölu(decimal).

Villa sem olli því að færíbreytur á fleytitöluformi var varpað í heiltölur hefur verið löguð.

## Saga - Vefþjónustur, Eyðublaðið (or) Útskriftarnóta #13 búið til

SAG-6528

Þegar blaðið (or) Útskriftarnóta #13 er búið til með Söguvefþjónustum þá útfyllist nú Legunúmer og Útskriftardagur sjálfkrafa.

Legunúmer er tekið af nýjasta eyðublaði af tegund 15, sem skráð er í sömu legu eða samskipti og Útskriftarnóta er búin til í.

Útskriftardagurinn er lesinn úr útskriftarupplýsingum legu sem tengd er við samskiptin sem Útskriftarnóta er búin til í.

## Adt vefþjónustur - nýjar vefþjónustur með heiti lotu

SAG-5393

Bætt var við nýjum vefþjónustuköllum í AdtService sem innihalda AdmissionName og AdmissionInfold. Vefþjónustuköllin er útgáfa 2 af vefþjónustuköllum sem til voru fyrir. Þau haga sér eins og gömlu köllinn fyrir utan að skila þessum auka upplýsingum.

`IEnumerable<TreatmentInfoData_V_2> GetTreatmentsByPersonId_V_2(UserAuthentication user, string personId, bool excludeAmbulatory);`

`IEnumerable<TreatmentInfoData_V_2> GetActiveTreatmentsByPersonId_V_2(UserAuthentication user, string personId, bool excludeEndedAdmissions);`

`IEnumerable<TreatmentInfoData_V_2> GetActiveTreatmentsByServiceGroup_V_2(UserAuthentication user, int groupId, bool excludeEndedAdmissions, bool excludeAmbulatory);`

`IEnumerable<TreatmentInfoData_V_2> GetActiveTreatmentsByWard_V_2(UserAuthentication user, int wardId, bool excludeEndedAdmissions, bool excludeAmbulatory);`

`IEnumerable<TreatmentInfoData_V_2> GetActiveTreatmentsByResponsibleDoctor_V_2(UserAuthentication user, int doctorUserId, bool excludeEndedAdmissions, bool excludeAmbulatory);`

`IEnumerable<TreatmentInfoData_V_2> GetActiveTreatmentsByResponsibleNurse_V_2(UserAuthentication user, int nurseUserId, bool excludeEndedAdmissions, bool excludeAmbulatory);`

`IEnumerable<TreatmentInfoData_V_2> GetActiveTreatmentsByUser_V_2(UserAuthentication user, bool excludeEndedAdmissions, bool excludeAmbulatory);`

## Saga - Vefþjónustur, Eyðublaðið Sjúkraskrá #15 búið til

SAG-6372

Þegar blaðið Sjúkraskrá #15 er búið til með Söguvefþjónustum þá útfyllist nú Legunúmer og Innlagnardagur sjálfkrafa. Legunúmer er tekið af nýjasta eyðublaðinu, af þeirri tegund sem skilgreind er af stilligildi 1022, sem skráð er á sömu insskráningardeild og Sjúkraskráreyðublaðið er búið til á. Innlagnardagur er lesinn úr innlögn sem tengd er við samskiptin sem Sjúkraskráreyðublaðið er búið til í.

## Vera (Fyrirspurnalag)

## Vera - áætlanir

SAG-5925

Löguð var villa sem gerði það að verkum að tímar hjá aðfangi voru vefbókanlegir í Veru þó svo að til væri áætlun fyrir aðfangið með hærri forgangi sem sagði til um að þeir tímar væru ekki vefbókanlegir.

## Vera - Vefbókanleg aðföng

SAG-1037

Nú birtast vefbókanleg aðföng í Veru óháð því hvort þau séu skráð á lækni.

## Vera (Samskiptaborð)

## Vera - Samskiptaborð

SAG-6214

Villa sem gerði það að verkum að lækningaritara gátu ekki hafnað lyfjaendurnýjunarbeiðnum í samskiptaborði Veru hefur nú verið löguð.

## Vera (Samskiptaborð) - Eldri fyrirspurnir

SAG-5778

Núna er hægt að leita eftir fleiri en einu leitarorði og leitarniðurstöður eru takmarkaðar við 400 færslur.

## Ónæmisaðgerðir (WPF)

## Ónæmisaðgerðir - Fjöldaskráning

SAG-6307

Bætt var til stilligildi 174 sem stjórnar því hvort að sjúklingur sé stofnaður sjálfkrafa úr þjóðskrá í fjöldaskráningu, sé hann ekki til fyrir.

## Ónæmisaðgerðir - Fjöldaskráning

SAG-6308

Nú kemur ekki aðvörun nema dagsetning sé meira en ár aftur í tímann.